

GMR Endurvinnslan ehf  
Tangavegi 7,  
301 Akranes



Reykjavík 24. september 2015  
UST201508-135/E.D.K.  
08.14.02

## Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 28. ágúst sl. þar sem áformað var að áminna GMR Endurvinnsluna ehf. vegna 5 frávika frá starfsleyfi og veittur var frestur til 1. október nk. til að skila inn mæliniðurstöðum vegna sjötta fráviksins. Umhverfisstofnun vísar einnig í innkomna úrbótaáætlun frá rekstraraðila, dags. 15. september sl., þar sem fjallað er um stöðu frávikanna og áætlaðar úrbætur. Þar greinir rekstraraðili frá að búið sé að bæta úr tveimur frávikum og setur fram áætlun vegna hinna þriggja.

Umhverfisstofnun telur rétt að halda til haga að frávik sem varðar ófullnægjandi afsog og rykhreinsun í verksmiðju rekstraraðila er einnig í eftiryflyniferli hjá stofnunni sbr. bréf dags. 23. september sl. um álagningu dagsektu.

### Útistandandi frávik eru eftifarandi:

- Frávik frá greinum 2.1 og 2.2 í starfsleyfi þar sem að efni sem ekki hentar til vinnslu er í stórum haugum á lóð GMR endurvinnslu. Hráefni skal vera ómálað og að mestu laust við plast, olíu, sand gummí, sölt og önnur efni sem geta valdið mengun. Í grein 2.2 í starfsleyfi er einnig kveðið á um að frágangur á lóð skuli vera snyrtilegur.

Í svari rekstraraðila kemur fram að ákveðið hefur verið að leigja pressu til að þjappa efninu saman í bagga sem svo verða geymdir innanhúss. Böggun verði lokið í lok desember. Varðandi málað efni, þá segir rekstraraðili að málað efni sé flokkað frá og sett í gám og sent til Hringrásar í endurvinnslu. Umhverfisstofnun metur þessa áætlun um úrbætur ekki fullnægjandi. Rúmmálsminnkun og geymsla á efni sem ekki hentar til framleiðslunnar getur ekki talist fullnægjandi lausn. Í gr. 2.1 í starfsleyfinu segir:

Sé hætta talin á að hráefni henti ekki til vinnslu í verksmiðjunni, skal því skilað til baka, því fundin önnur leið til nýtingar eða það sett í hentugri endurvinnslu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að sú staðreynd að óhreint hráefni sé til staðar á rekstrarsvæði geti mögulega verið tilefni til endurskoðunar tíðni rykmælinga og mögulega tilefni til símaelinga. Í grein 3.1 í starfsleyfi segir:

Mælingar skv. grein 2.6 skal gera árlega. Fyrstu þrjú árin eftir gildistöku starfsleyfis skal þó mæla tvívar á ári. Umhverfisstofnun getur samþykkt sérstaka mæliáætlun sem gerir ráð fyrir annarri tíðni á mælingum en tilgreind er hér, að fenginni reynslu af rekstrinum, sbr. grein 4.7.

6. Frávik frá grein 3.1 í starfsleyfi. Ein útblástursmæling var gerð úr reykháfi frá vinnslusal í febrúar 2014. Skv. starfsleyfi á að mæla útblástur tvisvar sinnum á ári til ársins 2017.

Umhverfisstofnun bárust skýringar frá rekstraraðila í bréfi dags. 10. ágúst sl. þar sem fram kemur af hverju útblástursmælingar hafa dregist. Í skýringum rekstraraðila segir að verkfræðistofan sem hafi ætlað að annast mælingarnar hafi orðið frá að hverfa í þrígang vegna veðurs og bilana í búnaði. Þá hafi verið tekin ákvörðun um að endurnýja ekki mælingarbúnaðinn og hafi rekstraraðili því þurft að semja við annan aðila til að taka að sér mælingarnar og hafðist það ekki fyrir sumarfrí.

**Umhverfisstofnun hefur veitt frest til 1. október nk. til að skila inn mæliniðurstöðum, sbr. bréf dags. 28. ágúst sl.**

**Umhverfisstofnun veitir GMR Endurvinnslunni ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna þriggja útistandandi frávika, sbr. töluliði 1, 4 og 5 hér að framan. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 15. október 2015.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá og er í þessu tilviki kr. 53.550.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Evu Dögg Kristjánsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [eva.kristjansdottir@ust.is](mailto:eva.kristjansdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfallst



Eva Dögg Kristjánsdóttir  
sérfræðingur



Sigríður Kristjánsdóttir  
sviðsstjóri